Lýðræði og mannréttindi í skólum

Erindi á ráðstefnunni

Samstarf og samræða allra skólastiga

á Akureyri, 1. október 2010

Ólafur Páll Jónsson
dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Í flestum löndum þar sem lögð er áhersla á lýðræði í skóla, hvort sem það er undir formerkjum lýðræðismenntunar eða borgaramenntunar, er jafnan gert ráð fyrir að lýðræði og mannréttindi haldist í hendur. Þetta er sérstaklega áberandi í því starfi sem unnið er á vegum Evrópuráðsins, Council of Europe, en í því samhengi er gjarnan talað um lýðræðismenntun og mannréttindamenntun sem samofin fyrirbæri. Á Íslandi horfir þetta hins vegar allt öðruvísi við. Lýðræði hefur verið lykilatrði í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1974 en orðið *mannréttindi* kemur varla fyrir í aðalnámskrám leik-, grunn- eða framhaldsskóla og það er hvergi minnst á mannréttindi í lögum um skólastigin. Þetta vekur upp ýmsar spurningar. Í framhaldinu langar mig að ræða þrjár sérstaklega:

(1) Er nauðsynlegt að lýðræði og mannréttindi fari saman?
(2) Gegna mannréttindi einhverju sérstöku hlutverki í lýðræðissamfélagi?
(3) Eiga mannréttindi sérstakt erindi inn í skólastarf?

1. Já og nei

Hugum fyrst að spurningu (1): Er nauðsynlegt að lýðræði og mannréttindi fari saman? Í vissum skilningi virðist svarið vera „Já“ vegna þess að það er erfitt að hugsa sér lýðræðislegt samfélag sem ekki virðir mannréttindi. Það er líka erfitt að hugsa sér fulla vernd mannréttinda án þess að fólk njóti þess sjálfræðis og jafnræðis á við samborgara sína sem einkennir lýðræðislegt stjórnskipulag. Á hinn bóginn virðist svarið líka geta verið „Nei“. Lýðræði og mannréttindi fara, í raun, oft ekki saman. Í aðalnámskrám skólastiganna á Íslandi hafa lýðræði og mannréttindi ólíku hlutverki að gegna, svo eru til alþjóðasamtök sem einbeita sér að mannréttindum en ekki lýðræði (Amnesty International, Human Rights Watch o.fl.) og loks má hugsa sér að til séu samfélög þar

sem mannréttindi eru virt án þess að stjórnskipulagið þar sé líkt því sem gerist í þeim svokölluðu lýðræðisríkjum sem við könnumst við.

Lítum þá á spurningu (2): Gegna mannréttindi einhverju sérstöku hlutverki í lýðræðissamfélagi? Hér gæti einhver viljað svara játandi og bent á að margar af reglum eða viðmiðum lýðræðislegs samfélags séu lítið annað en reglur sem ætlað er að vernda mannréttindi. Lýðræðislegu stjórnskipulagi er þá kannski lýst sem stjórnskipulagi þar sem mannréttindi eru vísvitandi samofin bæði þeim markmiðum og þeim leiðum sem einkenna skipulagið. En aðrir vildu kannski svara spurningunni um það hvort mannréttindi gegni einhverju sérstöku hlutverki í lýðræðissamfélagi neitandi – að mannréttindi gegni engu sérstöku hlutverki í lýðræðissamfélagi en á hinn bóginn gegni þau veigamiklu hlutverki í samfélögum sem ekki búa við lýðræði; þar sé vísað til mannréttinda til að vernda kjör og aðstæður fólks. Hugsunin gæti þá jafnvel verið sú að lýðræðið leysi mannréttindin af hólmi, ef svo má að orði komast; þegar samfélög séu frumstæð byggist vörn fólksins á því að tryggja ákveðin réttindi sem nauðsynlegt sé að virða, eigi það á annað borð að geta lifað vel. Síðan, þegar stjórnskipulag samfélagsins þróast í átt til lýðræðis, þá þurfi ekki lengur að vísa með jafn ákveðnum hætti til mannréttindi vegna þess að kjör og réttindi fólks séu varin með lýðræðinu frekar en að það þurfi að grípa til einhvers utan lýðræðisins.

Loks er það spurning (3), hvort mannréttindi eigi eitthvert sérstakt erindi inn í skólastarf. Að vissu leyti virðist svarið augljóslega vera játandi. Mannréttindi hljóta að eigi erindi inn í skólastarf vegna þess að mannréttindi eru eitt af því fjölmarga sem fólk þarf að þekkja til að geta skilið heiminn í kringum sig og verið meðvitað um stöðu sína og annarra. Hvernig á manneskja að geta sett sig inn í umræðu um mannréttindabrot um víða veröld, eðli þeirra og mikilvægi, ef hún veit ekki hvað mannréttindi eru? Og hvernig á hún að geta tekið þátt í umræðu um skyldur og ábyrgð stjórnvalda ef hún þekkir ekki til mannréttinda í sínu eigin landi? Á hinn bóginn gæti svarið verið neitandi. Einhver gæti sagt sem svo að skólastarf á Íslandi þurfi ekki og eigi ekki að snúast um mannréttindi. Í fyrsta lagi þurfi skólar ekki að hafa áhyggjur af mannréttindum vegna þess að skólarnir séu yfirleitt frekar góðir og hvað sem miður kunni að fara í starfi skólanna þá nálgist það ekki mannréttindabrot. Í öðru lagi eiga skólar að stuðla að menntun og velferð nemenda og í því sambandi séu mannréttindi ekki neitt aðalatriði heldur miklu frekar undirbúningur nemenda fyrir vinnumarkað og frekara nám. Í þriðja lagi þá tengist mannréttindi gjarnan pólitískum málum og það sé ekki hlutverk skólanna að taka þátt í pólitískri umræðu; þeir eigi að halda sig á hlutlausu svæði vísinda og fræða.

2. Lýðræði og mannréttindi í aðalnámsrám

Áður en ég velti þessum mögulegu svörum frekar fyrir mér, tel ég rétt að skoða örlítið nánar hvaða hlut lýðræði og mannréttindi eiga að gegna í skólum. Í *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni* frá árinu 2007 kemur orðið *mannréttindi* fyrir ellefu sinnum, bæði sem þekkingarmarkmið – nemendur eiga að kunna skil á helstu hlutum stjórnarskrár Íslands og þekkja helstu samninga og samþykktir um mannréttindi – og sem viðhorfamarkmið – nemendur eiga að vera meðvitaðir um gildi mannréttinda, þroska með sér alþjóðavitund og skilning á mannréttindum í því samhengi, og þeir eiga að hafa mannréttindi að leiðarljósi í samskiptum. Hér höfum við mjög viðeigandi hlutverk fyrir mannréttindi, þ.e. mannréttindi eru hér viðfangsefni þekkingar en þeim er einnig ætlað að hafa mótandi áhrif á viðhorf og gildismat nemenda og áhrif þeirra eiga að birtast í samskiptum þeirra við aðra. Orðið *lýðræði* kemur fimm sinnum fyrir í þessari námskrá og með sumpart svipuðum hætti. Orðin *mannréttindi* og *lýðræði* koma einnig fyrir í greinanámskránni fyrir samfélagsgreinar, *mannréttindi* fjórum sinnum og *lýðræði* þrettán sinnum. Þótt orðin *mannréttindi* og *lýðræði* komi þannig nokkuð oft fyrir í þessum greinanámskrám er samt ekki gerð nein sérstök tilraun til að tengja þau saman eða setja þau í eitthvert sérstakt innra samhengi.

Þótt mannréttindum séu gerð þokkaleg skil í greinanámskrám lífsleikni og smafélagsgreina, þá fer ekki á milli mála að samkæmvæmt námsrkánum eru mannréttindi minniháttar viðfangsefni í starfi grunnskóla. Þau hafa sess meðal markmið í lífsleikni og samfélagsgreinum, en sem þekkingar- og viðhorfamarkmið eru þau bara eitt af mörgu. Hvað þetta varðar eru aðalnámskrár grunnskóla frá 2006 og 2007 raunar sjálfum sér samkvæmar. Í almenna hluta aðalnámskrar grunnskóla er lýðræði lýst sem einhverskonar meginviðfangsefni grunnskóla og sem fyrirmynd um vinnulag á þessu skólastigi, en mannréttindi koma þar ekki við sögu. Almenni hluti *Aðalnámskrár grunnskóla* frá árinu 2006 nefnir *lýðræði* fimmtán sinnum, orðið *mannréttindi* kemur þar hvergi fyrir enda eru minniháttar viðfangsefni ekki tíunduð í almenna hlutanum.

Oft er sagt – alltjént látið að því liggja – að samkvæmni sé dygð. Hvað hlut mannréttinda varðar virðist aðalnámskra grunnskóla hafa þessa dygð: þeim er samviskusamlega skipað á bekk með ýmsum öðrum minniháttar viðfangsefnum. En við getum eftir sem áður spurt: Gengur þetta upp? Gengur upp að gera lýðræði að meginviðvangsefni í skólastarfi, bæði sem almennt markmið skóla og sem viðmið um starshætti, án þess að ætla mannréttindum viðlíka hlut. Að ofan lýsti ég því hvernig mætti svara spurningunum

þremur sem ég lagði upp með ýmist játandi eða neitandi. Spurningin um það, hvort sú nálgun við lýðræði og mannréttindi sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla – og með sambærilegum hætti á aðalnámskrám leik- og framhaldsskóla[1] – gangi upp er í raun spurning um það hvort virkilega sé hægt að svara spurningunum þremur að ofan neitandi.

3. Hvað ætlum við lýðræðinu? Hver er grundvöllur mannréttinda?

Í einni af sínum frægustu greinum, „Stjórnmál og ensk tunga", lýsir George Orwell því hvernig tiltekin gildishlaðin orð hafa glatað merkingu sinni. Hann tekur sem dæmi nokkur orð, þar á meðal orðið *lýðræði*. Um það segir hann m.a.:

> Þar sem um er að tefla orð einsog lýðræði, þá er ekki nóg með að ekki sé til nein viðurkennd skilgreining, heldur hefur sú tilraun að búa hana til mætt mótstöðu úr öllum áttum. Það er nánast undantekningarlaust litið svo á að þegar við segjum að ríki sé lýðræðislegt, þá séum við að lofa það; þar af leiðir að mál-svarar hvaða stjórnarfyrirkomulags sem er halda því fram að það sé lýðræði ...[2]

Við skulum taka þessa brýningu Orwells alvarlega og spyrja í fullri hreinskilni: Hvað merkir orðið *lýðræði* í aðalnámskrá grunnskóla? Ef við leitum að svari í sjálfri aðalnám-skránni þá komumst að raun um að þar er, því miður, vart gerð tilraun til að gefa orðinu neina ákveðna merkingu. Sá grunur læðist að manni að þar sem orðinu *lýðræði* er ætlað að taka þátt í að láta í ljósi tiltekna hugsun, t.d. í setningum eins og „starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs" eða „hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóð-félagi sem er í sífelldri þróun" þá merki orðið lýðræði ekki neitt sérstakt. Það kemur líka í ljós þegar námsrkárnar eru lesnar aftur í tímann, að sumar setningarnar í síðustu aðalnámskrám eru nýjar á meðan aðrar urðu til fyrir 35 árum. Og þegar höfundar námsrkárinnar frá 1974 settu orðið *lýðræði* inn þá er eins víst að þeir hafi haft eitthvað allt annað í huga en þeir sem hafa étið orðalagið upp, margtuggið, aftur og aftur síðan þá.

Hvað merkir orð sem merkir ekki neitt sérstakt? Getur það merkt hvað sem er? Þegar texti hefur óljósa merkingu, hvort sem hann er lög eða bókmenntaverk, þá getur lesandinn ýmist gefist upp fyrir vandanum, fórnað höndum og bölvað höfundinum og sagt sem svo að þarna hafi hann kastað til höndunum. Þannig gætum við líka gefist upp fyrir þeirri staðreynd að aðalnámskrá grunnskóla skortir leiðbeiningargildi um hvað átt sé

---

[1] Í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 kemur orðið mannréttindi hvergi fyrir, og þar er reyndar heldur ekki minnst á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, Barnasáttmálann.
[2] George Orwell, *Stjórnmál og bókmenntir*, Uggi Jónsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2009, bls. 220–221.

við þegar talað er um lýðræði og hvernig beri að skilja það í skólasamhengi. En við þurfum ekki að gefast upp. Við getum líka tekið áræðnari afstöðu til aðalnámskrárinnar og ákveðið að leita sjálf eftir viðeigandi merkingu handa þessu orði – *lýðræði*. Spurningin er þá ekki: Hvað meintu höfundar aðalnámskrárinnar þegar þeir sögðu „lýðræði þetta og lýðræði hitt"? heldur: Hvað ætti orðið *lýðræði* að merkja í þessu samhengi?

Ef við nálgumst aðalnámsrkárnar með þessum hætti, þá má segja að efnisleg fátækt þeirra sé kærkomið tækifæri fyrir okkur til að hefja rannsókn á markmiðum og forsendum almenns skólahalds. En hvar eigum við að hefja rannsóknina? Og hvaða skorður eru okkar settar? Við hljótum að byrja á að kortleggja um hvað hugtakið *lýðræði* er yfirleitt haft. Við sjáum þá að það er í senn haft um starfshætti skóla, markmið þeirra og samfélagið sem er samhengi þeirra og sem nemendum er ætlað að vera þátttakendur í. Um þetta samfélag gildir að það er safn ólíkra einstaklinga, það er líka safn einstaklinga sem eru ósammála og sem greinir á um grundvallarviðhorf til tilverunnar. Sumir eru trúmenn en aðrir hafa óbeit á trú, sumir eru hægrisinnaðir en aðrir vinstrisinnaðir, sumir eru karlrembur en aðrir eru femínistar, sumir eru frjálslyndir en aðrir eru íhaldssamir, og svona mætti lengi telja. Inn í þetta samfélag – inn í þetta samhengi – höfum við sett almenna og altæka skóla – almenna í þeim skilningi að þeir eru fyrir alla og altæka í þeim skilningi að þeir taka til flestra sviða mannlífsins – og í þennan skóla skulu börnin ganga sleitulaust í tíu ár. Þar skulu þau ekki einungis tileinka sér margvíslega þekkingu, heldur er þeim einnig ætlað að taka gildismat sitt til skoðunar og endurskoðunar, þeim er ætlað að þroska með sér tiltekin viðhorf og þeim er ætlað að tileinka sér hegðun af tilteknu tagi. Þetta er ekkert smáræði! Hvernig getur þetta verið samrýmanlegt því að hverjum og einum sé frjálst að hafa þær skoðanir sem hann kýs svo framarlega sem þær skaða ekki aðra? Hvernig getur þetta víðtæka inngrip skólans í líf og gildismat barna verið samrýmanlegt því að foreldrar hafi rétt til að ala börn sín upp við tiltekið gildismat? Og börnin sjálf hafa margvísleg réttindi.

Einhver kynni að segja sem svo að þessum spurningum sé auðsvarað. Það felist í lýðræðinu að skólinn megi grípa inn í líf og gildismat barna með þessum hætti og að borgararnir verði einfaldlega að sætta sig við það, hversu sundurleitur hópur sem þeir annars kunna að vera. Gott og vel, þetta kann að vera rétt. Kannski leiðir það af lýðræðinu að skólinn megi einmitt gera þetta. En bara kannski. Það má ekki horfa framhjá því að þetta svar er fullkomlega innantómt ef við getum ekki gert sjálfstæða grein fyrir því hvað við meinum með *lýðræði*. Án slíkrar greinargerðar jafngildir þetta svar því að segja: „Ég veit í raun ekkert hvað ég meina þegar ég tala um lýðræði, en hvað sem ég

meina með því þá réttlætir það að ég haldi mínu striki.“ Ef við orðum þetta svona þá sjáum við í raun fáránleikann í að vísa til lýðræðisins máli okkar til stuðnings án frekari greinargerðar fyrir því hvað lýðræði er.

Hvernig getum við gert sjálfstæða grein fyrir lýðræði og komist hjá því að hafa okkur sjálf að fíflum? Við getum leitað í margvíslegar kenningar um lýðræði. Þar er af nógu að taka. Ég ætla ekki að fara í saumana á slíkum kenningum, en láta nægja að skipta þeim í tvö horn. Annars vegar eru kenningar sem leggja áherslu á lýðræði sem skipulag og ferli.[3] Hér er áherslan annars vegar á tiltekna tegund skipulags – t.d. þrígreiningu ríkisvalds – og lýðræðislegar kosningar til að taka ákvarðanir innan þess ramma sem skipulagið gerir ráð fyrir. Hins vegar eru kennignar um lýðræði sem gera réttlæti að inntaksþætti sjálfs lýðræðisins.[4] Við getum kallað kenningar um lýðræði sem tilheyra fyrri flokkinum *ferliskenningar um lýðræði* en kenningar í seinni flokkinum *efnislegar kennignar um lýðræði*. Meinið við ferliskenningar um lýðræði er að þær megna ekki að réttlæta það inngrip í líf barna sem skólanum er ætlað.[5] Ef slík réttlæting á að koma frá kenningu um lýðræði, þá verður slík kenning að vera efnisleg. En þá vaknar aftur spurningin: Hvaðan kemur efnið í slíka kenningu? Ég hygg að eina svarið sem til greina kemur sé þetta: Efnið er mannréttindi. Samkvæmt þessum skilningi eru mannréttindi beinlínis skilgreinandi þáttur í lýðræðishugtakinu.

Stöldrum nú aðeins við og reynum að efast um þessa niðurstöðu. Varðar lýðræði ekki það hvernig við ráðum okkar málum sameiginlega á vettvangi samfélagsins á meðan mannréttindi varða það hver við erum, og hvað við erum, óháð því í samfélagi sem við búum í? Er lýðræði ekki aðstæðubundið en mannréttindi einmitt óháð því í hvaða aðstæðum við erum? Við hljótum að svara þessum spurningum játandi. Þess vegna getum við ekki lagt lýðræði og mannréttindi að jöfnu. En efnislegar kenningar um lýðræði leggja lýðræði ekki jöfnu við mannréttindi. Samkvæmt hinum efnislegu kenningum varðar lýðræði það hvernig við getum lifað sem borgarar með fulla reisn í samfélagi jafningja. Mannréttindi eru á hinn bóginn lágmarksskilyrði þess að við getum lifað sem manneskjur með fullri reisn. Og þótt *borgari* og *manneskja* séu ekki samheiti þá

---

[3] Sjá t.d. kaflann „Prútt eða rök og réttlæti“ í bók minni, *Náttúra, vald og verðmæti* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007). Þar geri ég grein fyrir hugmyndum Roberts A. Dahl um lýðræði sem eru dæmi um vel útfærða ferlishugmynd um lýðræði.

[4] Hér má nefna hugmyndir um rökræðulýðræði (e. *deliberative democracy*). Sjá t.d. bók mína *Náttúra, vald og verðmæti* þar sem ég fjalla um þessa hugmynd um lýðræði í nokkrum köflum.

[5] Sjá t.d. Amy Gutmann, „ Til hvers að ganga í skóla? Menntun frá sjónarhóli nytjastefnu og réttarhyggju“, *Heimspeki á tuttugustu öld*, Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson ritstj., Reykavík: Heimskringla, 1994.

getur enginn lifað sem borgari með fullri reisn nema hann geti einnig lifað sem manneskja með fullri reisn.

Það inngrip í viðhorf og gildismat barna sem skólanum er ætlað takmarkast – eða ætti alltjént að takmarkast – við það hvernig börn og fullorðnir, í veru og verðandi, geta lifað með fullri reisn sem manneskjur og sem borgarar. Þessi skilningur minn á lýðræðishugtakinu – og þar með skilningur minn á boðun aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla er síður en svo sjálfgefinn. Hann leiðir ekki af lestri á þessum opinberu gögnum. Þessi skilningur er frekar til marks um sjáflsbjargarviðleitni mína sem manneskju sem starfar á sviði menntunar og sem vill taka hugsjónina um lýðræði og alvarlega.

3. Lýðræði og mannréttindi sem forsenda og markmið skóla

Víkjum nú aftur að spurningunum þremur sem ég lagði upp með í upphafi.

(1) Er nauðsynlegt að lýðræði og mannréttindi fari saman?
(2) Gegna mannréttindi einhverju sérstöku hlutverki í lýðræðissamfélagi?
(3) Eiga mannréttindi sérstakt erindi inn í skólastarf?

Ef við skiljum lýðræði í anda efnislegra kenninga hljótum við að svara fyrstu tveimur spurningunum játandi, spurningu (1) vegna þess að full vernd og viðurkenning mannréttinda er beinlínis forsenda lýðræðis og spurningu (2) vegna þess að mannréttindin skilgreina lágmarksskilyrði þess að borgararnir geti lifað sem manneskjur með fullri reisn. En hvað með spurningu (3)? Hér vaknar spurning um það hverskonar stofnanir skólar eru.

Samtíminn einkennist af fjölhyggju um skoðanir og gildi og það er ekki lengur til neitt kennivald sem segir okkur hvað sé gott líf. Að komast að því hvað er gott líf er ævistarf hvers og eins. Hér komum við að stærstu ögrun skipulegs almenns skóla: að gera einstaklingum fært að setja sér sjálfir verðug markmið, hver sem þau kunna að vera, og leitast við að gera þau að veruleika á vettvangi mannlífsins. Fyrir 250 árum orðaði Rousseau þetta með eftirfarandi hætti:

> Samkvæmt skipan náttúrunnar eru allir menn jafnir, sameiginleg köllun þeirra er að vera menn, og hver sá sem er vel undir þá köllun búinn getur ekki uppfyllt slælega neina köllum sem henni tengist. Hvort það er herinn, kirkjan eða barinn sem bíður nemanda míns varðar mig litlu. Burtséð frá köllun foreldra hans, leggur náttúran á herðar honum skyldur mannlegs lífs. Að lifa er sú iðn sem ég hyggst kenna honum. (Rousseau, 2003, bls. 8)

En hvernig kennum við þá iðn að lifa? Hér togast á a.m.k. tvennskonar sjónarmið; annars vegar sjónarmið sem leggur áherslu á faglegan undirbúning fyrir starfsvettvang, og hins vegar sjónarmið sem leggur áherslu á almenna menntun sem undirbúning fyrir það að taka þátt í samfélaginu. Fyrra sjónarmiðið hefur átt góðan hljómgrunn meðal einstaklinga úr ólíkum áttum eins og marka mátti af hugmyndum um styttingu náms til stúdentsprófs sem voru áberandi í umræðunni fyrir nokkrum árum. Hugmyndin um að æskilegt sé að stytta námið byggist á einhverskonar hagkvæmnisjónarmiði sem leggur áherslu á að nemendur komist fyrr í háskóla og svo fyrr út á vinnumarkaðinn. Gæði skólans eru metin eftir afköstum og afköstin eru mæld með brautskráðum stúdentum. Hér hefur spurningin um það, hvernig megi kenna þá iðn að *lifa*, vikið fyrir spurningunni um það, hvernig megi kenna þá iðn að *vinna*. Menntun miðast við vinnumarkað og spurningunni um hvað sé gott líf hefur einfaldlega verið vikið til hliðar.

Það sjónarmið sem leggur áherslu á almenna menntun leggur á hinn bóginn áherslu á að börn eru þátttakendur í opnu og lýðræðislegu fjölmenningarsamfélagi. En þau eru líka þátttakendur í samfélagi sem einkennist af mikilli samkeppni, markaðshyggju, hnattvæðingu og hraða. Í þessu samfélagi á mennskan undir högg að sækja. Að kenna fólki þá iðn að lifa felur í sér að kenna því að leggja rækt við mennskuna, bæði í eigin ranni og í samfélagi við aðra. Í opnu og lýðræðislegu fjölmenningarsamfélagi felur þetta m.a. í sér að hver og einn verður að geta tekist á við margbreytilega menningu, ágreining um gildi og átök um takmarkaðar auðlindir án þess að týna sjálfum sér og án þess að lítilsvirða aðra. Þessar kringumstæður kalla á skóla sem hefur mannréttindi að forsendu, bæði sem samkomulagsgrundvöll stofnunarinnar og sem inntaksþáttar í lýðræðinu, en nálgast þau ekki sem eitt afmarkað viðfangsefni af mörgum.